EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3390

Rekstraraðili Kristín Ósk Matthíasdóttir kt: 2201872849	**Tegund starfsemi** Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera	**Starfsleyfisnúmer:** UST-202204-021 **Gildistími starfsleyfis** 2. desember 2040
Starfsstöð Vatnsfjörður	**Tegund eftirlits** Reglubundið eftirlit	**Dagsetning eftirlits** 15. október 2026
Starfstöðvarnúmer: ET-0251	**Eftirlitsmaður** Auður Eyberg Helgadóttir	**Útgáfudagur skýrslu** 17. nóvember 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Kristín Ósk Matthíasdóttir **Sveinn Viðarsson**	

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit komu fram fjögur nú frávik. 1) Ársyfirliti fyrir árið 2025 var ekki skilað inn. 2) Umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 var ekki skilað inn. 3) Engar frárennslismælingar voru framkvæmdar árið 2025. 4) Útreikninga vantar á losun fosfórs og niturs.

Engar ábendingar voru settar fram við eftirlit.

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit fór fram hjá fiskeldisstöð Kristínar Óskar Matthíasdóttur, Seftjörn, Vatnsfirði þann 15. október 2026.

Starfsleyfið tekur til landeldis á bleikju að Seftjörn 1 í Vatnsfirði. Hámark lífmassa á hverjum tíma má vera allt að 20 tonn.

Umhverfis- og orkustofnun

Boðað umfang eftirlitsins var:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
3. Eftirlitsmælingar og skráningar
4. Áætlanir og viðbrögð
5. Umgengni og aðkoma lóðar

1. Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

2. Rekstraraðili er með starfsleyfi sem var gefið út 2. desember 2024. Farið var yfir starfsleyfið með rekstraraðila. Ársyfirliti fyrir árið 2025 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2026 og er það frávik frá gr. 4.4 í starfsleyfi. Umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2026 og er það frávik frá grein 4.5 í starfsleyfi.

3. Engar mælingar voru framkvæmdar á frárennslinu árið 2025 og er það frávik frá gr. 4.3 í starfsleyfi. Ekki er hægt að reikna út heildar fosfórlosun og heildar köfnunarefnislosun fyrr en búið er að skila inn gögnum og er það frávik frá grein 4.3 í starfsleyfi.

4. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs er til staðar. Trygging vegna bráðamengunar, skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, er til staðar og áætlun um meðhöndlun úrgangs.

5. Gengið var um stöðina, settjörnin var skoðuð og engar fóðurleifar eða set sáust í frárennsli.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 4.3 í starfsleyfi	Frávik skráð: 15. október 2026 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi *Fylgjast skal árlega með losun næringarefna, þ.e. fosfórs og köfnunarefnis, út frá mældum gildum og útreikningum frá fóðurnotkun. Engir útreikningar voru til staðar við eftirlit.*	Opið
gr. 4.3. í starfsleyfi	Frávik skráð: 15. október 2026 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi *Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD5) a.m.k. einu sinni á ári. Mæla skal magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við útrás frárennslis frá stöðinni a.m.k. einu*	Opið

	sinni á ári við hámarksfóðrun (hámarksvöxt). Engin sýni voru tekin úr frárennsli árið 2025.	
gr. 4.4 í starfsleyfi.	Frávik skráð: 15. október 2026 Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. *Ársyfirliti fyrir árið 2025 hefur ekki verið skilað.*	Opið
gr. 4.5 í starfsleyfi.	Frávik skráð: 15. október 2026 Rekstraraðili skal taka saman umhverfisupplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. *Umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 hefur ekki verið skilað.*	Opið

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.